

Brunavarnarnefnd, fundur nr. 3

Dags. 6.12.2010

Fundargerð brunavarnarnefndar - 06.12.2010

Þriðji fundur í sameiginlegri brunavarnarnefnd Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps, haldinn á skrifstofu Þingeyjarsveitar á Laugum þann 6. desember 2010, kl 16:00.

Mætt voru: Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri, Arnór Benónýsson formaður, Hólmgeir Hallgrímsson og Þórunn Jónsdóttir í forföllum Helgu Erlingsdóttur.

1. Formaður setti fund og bauð menn velkomna. Efni fundarins er endurskoðun á 3. og 4. lið fundargerðar nefndarinnar frá 11.11.2004 í kjölfar funda sem formaður hefur setið með sveitarstjórnnum Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar þar sem málefni slökkviliða voru rædd. Gerði formaður grein fyrir helstu niðurstöðum þessara funda.
2. *Endurskoðun 3. liðar: Brunavarnarnefnd leggur til við sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar að komið verði á fót, samreкну, hlutastarfangi slökkviliði sem samanstandi af slökkviliðsmönnum, slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Nefndin gerir að tillögu sinni að varaslökkviliðsstjóri verði ráðinn úr Skútustaðahreppi. Nefndin leggur til að liðsmenn, aðrir en slökkviliðsstjórar, fái 10.000 kr. þóknun á mánuði og undir þá greiðslu falli ein æfing í mánuði, níu mánuði ársins auk þess sem greitt verði fyrir útköll skv. kjarasamningi. Nefndin leggur til, við viðkomandi sveitarstjórnir, að í fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 verði gert ráð fyrir 5 milljónum króna til að standa straum af þessum breitingum.*
3. *Endurskoðun 4. liðar: Brunavarnarnefnd leggur til við sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar að í fjárhagsáætlun fyrir árið 2011, verði 3 milljónir króna áætlaðar til kaupa á búnaði.*
4. *Brunavarnarnefnd gerir að tillögu sinni að samrekin slökkvilið Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar gangi undir nafninu Slökkvilið Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, skammstafað SSP. Nefndin dregur því til baka tillögu sína um að liðið heiti Slökkvilið Þingeyinga.*

Fleira ekki bókað, fundi slitið 17:30

Þórunn Jónsdóttir